

Aldaskiftin

sem orðin eru og þau sem þurfa að verða.

I.

Að því er margir virðast ætla, þá eru aldaskiftin, sem svo margt hefir verið ritað um, nú þegar um garð gengin og hin nýja öld hafin. Framfarir í eðlisfræði (Fýsik) eru það sem aldaskiftunum hafa valdið, og hin nýa öld er kend við kjarnorkuna eða jafnvel kjarnorkusprengjuna. Að þessu lýtur mjög fróðleg ritstjórnargrein í Bandaríkjablaðinu Life, 29. okt. sl. s. 12, sem heitir The Bomb (Sprengjan), og vel er lögur til að greiða fyrir skilnngi á því hvers vænta má af hinni nýu öld. Greinin hefst þannig: „Í þriðja mánuði kjarnorku-aldarinnar (The Atomic Era) vantar heiminn [þ. e. mannkyn jarðar vorrar] ennþá síðferðilegt eða stjórnmálaglegt mótvægi Sprengjunnar. Enginn trúmalaleiðtogi, enginn stjórnmálamaður, enginn visindamaður, alls enginn, hefir ennþá komið fram með þá hugsun er mátt hafi til að hjálpa mannkyninu til að haga sjer einsog þarf gagnvart Sprengjunni. Ef til vill er líka slik hugsun ómöguleg, (þegar undanteknar eru fáeinarr mjög fornar hugsanir). [!].“

Síðar í grein þessari segir svo: „Dr Oppenheimer og fleiri, hafa staðhæft, að ein vel skipulögð kjarnorkusprengjuárás, gæti drepið 40 miljónir af Bandaríkjaþjóðinni.“

II.

Þar sem segir í grein þessari um „Sprengjuna“, að enginn visindamaður hafi komið fram með hugsun sem orðið geti mannkyninu hin nauðsynlega hjálp til að haga sjer einsog þarf, gagnvart hinum svo lygilega auknu möguleikum til að drepa og eyðileggja, þá er það ekki rétt. Og þó má i því sem á ensku hefir ritað verið, lesa það sem að liði gaeti orðið í þessu efni. Því að það er að finna í ritum Adams Rutherford. Sbr. bók mína Sannýal, 1943, s. 12-13. Og hvað sem spádómsgildi pýramidans mikla líður, þá er það vist, að Adam Rutherford er sjálfur einn af mestu og merkilegustu spámannum. Og marka jeg það fyrst og fremst af því, að hann hefir, skýrt og skilmerkilega, sagt hvert er að líta eftir þeim hugsunum sem höfundur greinarinnar í „Life“ telur réttilega svo mikla þörf á, en segir að ekki hafi komið fram.

„Samkvæmt guðlegu áformi“ — segir Rutherford — „er yðum yðar Íslendinga nú þannig háttáð, að yður er gefið tækifæri sem ekki er veitt neinni annari þjóð i heimi.... Yðar starf, einkum í nálægri framtíð, er að vera fyrirrennari og ljósberi.“

Þetta er í ávarpi frá Rutherford.

ford til íslensku þjóðarinnar sem sjera Bjarni Jónsson flutti í Rikisútvarpinu 2. júní 1939, 3 mánuðum áður en heimsstyrjöldin síðari hófst. En í riti eftir Rutherford, sem í annað sinn kom út 1937, og heitir „Iceland's great Inheritance (hinn mikli arfur íslensku þjóðarinnar, og væri þó rjettar nefnt: hið mikla ætlunarverk íslensku þjóðarinnar), segir svo: „Reykjavik is to be the dynamic centre from which the Divine Light and influence will radiate during the fast approaching crisis of the worldwide time af trouble such as never was since there was a nation. O happy Iceland and thrice happy Reykjavik.“

Á íslensku: „Reykjavík verður aflstöðin. Þaðan mun skína hið guðlega ljós, og þaðan stafa hin guðlegu áhrif, á þeim úrslitatínum, sem nú nálgast óðum, og verða munu meiri vandræðatímar um alla jörð, en dæmi eru til áður, í allri sögu mannkynsins,“ og síðan segir spámaðurinn: „Ó hamingjusama Ísland og þrefalt hamingjusama Reykjavík.“

Það er alveg vafalaust, að þessari spá hefir ekki verið sá gaumur gefinn sem hún á skilið. Þegar spámaðurinn talar um guðlegt ljós og guðleg áhrif, verður að minnast þess sem jeg hygg að best sje sagt í guðspjöllunum, að guð er

sannleikur. Ljós sannleikans má því kalla guðlegt ljós. En það ljós sannleikans sem um er að ræða, getur vitanlega ekki verið annað en ný þekking sem geri það að verkum, að unnt verði að átta sig á því, hvers eðlis þessi vandræði eru sem mannkynið hefir nú ratað í, og hvernig afstýra megi hinni yfirvofandi glötun. Það þarf að láta sjer skiljast, að hjer á jörðu er um helstefnumannkyn glötunar; en einnig, að breyta má um frá helstefnu til lifstefnu, þannig, að í sannleika verði unnt að segja að hafið sje nýtt líf hjer á jörðu.

I grein þessari í „Life“ er vitnað í þau orð New Yorkblaðsins „Time“, að það sem sje í sannleika alþjóðasamband, sje á þessu stigi mannkynssögunnar, ómöögulegt. („A true World-federation.. is beyond attainment at this stage of world history“. Og er það hiverju orði sannara. En þó er það einmitt þetta sem þarf að geta tekist, ef auðnast á að forða mannkyninu frá glötun. Og takast mun það, ef menn vilja færa sjer í nyt „ljósið frá Íslandi“.

29. 4.
Helgi Pjeturss

Fálkinn 24.5.46